

58. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 16. september 2020, kl. 13:00 á netfundi.

**Mættir:** Edward Huijbens formaður, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Unnur Hafstað fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dóróþea Reimarsdóttir boðaði forföll og ekki náðist í varamann.

## Dagskrá

### 1. Fundir vetrarins dagsettir

Farið yfir áætlun um fundi vetrarins. Fundir verða 3. miðvikudag í nóvember, janúar og mars kl. 13:00. Fundir verða þá 18. nóvember, 20. janúar og 17. mars. Að auki verður fundur 26. maí kl. 13:00. Vandamál kom upp í upphafi fundar þar sem tvö fundarboð höfðu verið send með mismunandi tenglum og skráðu nefndarmenn sig því inn á mismunandi fundarboð. Koma þarf í veg fyrir að slíkt gerist.

### 2. Kjör formanns

Tillaga kom um að Edward Huijbens verði áfram formaður. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 3. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Skólameistari fór yfir samninga sem eru í gildi. Yfirlit yfir þá er að finna á heimasíðu skólans. Ekkert hefur breyst á listanum frá síðustu yfirferð. Rætt um stofnanasamning sem nú er í vinnslu. Formaður skólanefndar benti á að lagfæra þyrfti staðsetningu stofnanasamnings MTR og KÍ sem nú er staðsettur með skýrslum og könnunum.

### 4. Rekstrarstaða

Skólameistari gerði grein fyrir rekstrarstöðu skólans. Ekki er enn ljóst hvert framlag ráðuneytis verður vegna fjölgunar nemenda. Ráðherra lagði áherslu á að allir nemendur fengju skólavist nú á haustönn. Nemendum hefur fjölgað mikið og ráðið var í rúmlega 1,5 stöðugildi kennara. Farið verður yfir rekstrarstöðuna á fundi í nóvember og þá ætti staðan að liggja fyrir.

### 5. Sjálfsmat

Aðstoðarskólameistari kynnti sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir 2019-2020. Hún hefur nú verið birt á vef skólans og send til ráðuneytis.

### 6. Tengsl við atvinnulíf

Formaður kom inn á að tengsl við atvinnulíf enduspegluðust í samningum sem eru í gildi. Skólameistari nefndi að nú væri staðan sú að ekki mætti fá gesti í hús og því takmarkað sem hægt væri að gera. Því væri ekki unnið mikið í þessum málum á þessari stundu. Ásgeir Logi benti á að mögulegt væri að fá aðila úr atvinnulífinu til að koma með fræðslu og kynningar á netfundum. Lára sagði að slíkt hefði verið gert en ekki hefðu verið gerðir nýir samningar á þessum tíma.

Ásgeir benti á möguleika sem er nærri okkur eins og nýtt hátæknifrystihús á Dalvík. Unnur nefndi að kennarar hefðu fléttað nám og kennslu inn í þætti sem tengjast umhverfismálum og fyrirtækjum í tengslum við það.

## 7. Önnur mál

### 7.1 Covid 19

Skólameistari sagði frá stöðu mála á tímum Covid-19. Hér hefur starfið gengið vel og litlar breytingar þurfti að gera. Skólinn býr að sjálfsögðu við þær takmarkanir sem reglugerðir vegna veirunnar setja. Reikna má með því að skólustarf í vetur verði litað af þessu ástandi.

### 7.2 Tíu ára afmæli skólans

Skólinn stendur á tímamótum í ár og var Óskar Þór Halldórsson fenginn til að skrifa sögu hans í tilefni 10 ára afmælis. Skólameistari hefur óskað eftir að til viðbótar við það sem þegar hefur verið skráð, verði tekin viðtöl við kennara skólans um þá aðferðafræði sem skólinn byggir á. Óskar Þór er tilbúinn til að taka verkið að sér.

Skólameistari upplýsti að hugmyndin hefði verið að halda veislu þar sem sagan væri opnuð formlega á vef skólans. Stefnt er að því að af þessu verði þegar aðstæður leyfa.

### 7.3 Starfsmannamál

Skólameistari gerði grein fyrir ófyrirséðum forföllum í hópi kennara sem leysa þurfti úr. Það tókst með aðstoð kennara og tímabundinni ráðningu eins starfsmanns.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25.